

ef hann sáði illu sæði í stað þess að sá góðu? Sjálfsagt. Það skiljið þið.

Aðskan er nú ykkar sáðtími. Gáið að því. Þá eigið þið að sá — sá fyrir ókomna tímann. Og þið eigið einmitt að sá til þess, sem þið viljið að spretti.

Ykkur þykir vænt um blóm — vænt um falleg blóm. Og ef þið eigið blóma-beð, þá viljið þið sá til fallegra blóma, og þið viljið, að þau spretti. Og ykkur þykir gaman að horfa yfir beðið ykkar, þegar blómin, sem þið sáðuð til, eru komin upp og brosa svo hjúrt við ykkur og þakka ykkur fyrir, að þið sáðuð til þeirra og hirtuð vel um þau. Þakka ykkur fyrir, að þið únduð burt illgresið og gáfuð þeim að drekka og hjálpuðuð þeim til að vaxa og verða falleg. En ekki þykir ykkur gaman að horfa yfir beðið, ef illgresi og óhirding glotta kalt við ykkur frá því — öll blómin ykkar eru köfnuð og dáin, og ykkur sjálfum er að kenna um það.

Þið viljið öll, að lífið ykkar verði eins og fallegra blóma-beðið, en ekki eins og ljóta beðið óhirta með illgresinu í og dáu blómunum. En þá þurfið þið að muna að fara vel með æskuna ykkar, sáðtímann ykkar. Muna að sá til þess, sem þið viljið að spretti, og hirða vel um það.

Hvað á að spretta hjá ykkur? Það, sem guð vill að spretti. Því þá verðið þið eins og fallegra beðið. Og skilaboðin til ykkar frá guði, sem vorið hefur meðferðis, eru þessi: *Trúin* og *kærleikurinn* og *hlýðnin* eiga að spretta hjá ykkur. Þið eigið einmitt í æskunni að sá til þessara blóma, hlúa vel að þeim og ekki lofa neinu illgresi að spretta hjá ykkur. Versta illgresið er *óhlýðnin* — óhræsis óhlýðnin, sem kyrkir og kæfir öll blóm hjá ykkur, ef þið lofið henni að vaxa.

Munið þá að sá til *trúar*, *kærleika* og *hlýðni* hjá ykkur. Gerið það með því að lesa *guðs orð* og læra það og hlýða því. Og munið að tína vandlega burt hvert óhlýðnis-strá undir eins og það stingur upp broddunum. Þá vaxa fallegu blómin hjá ykkur og þá verður hjart yfir lífi ykkar.

*Já, munið að fara vel með æskuna, sáðtímann ykkar.*

---

### SVÖR.

Eg hef fengið svör frá nokkrum börnum upp á spurningarnar út af sögunni: „*Steinninn í veginum*“. Eg þakka ykkur öllum kærlega fyrir sendingarnar. Í næsta blaði skal eg minnst á svörin. Kannske líka fleiri hafi þá bætst við. Mér er mikil ánægja að því að fá bréf frá ykkur.

---